

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Bessastaðahrepps nr. 244/1990.

1. gr.

2. mgr. 18. gr. samþykktarinnar hljóði svo:
Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs í senn.

2. gr.

56. gr. B samþykktarinnar hljóði svo:

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd* (verði verkefni hennar ekki falið félagsmálaráði). Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd* (verði verkefni hennar ekki falið félagsmálaráði). Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
3. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Einn fulltrúi í svæðisbyggingarnefnd og annar til vara.
4. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaga í umboði sveitarstjórnar, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálanefnd með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmál sbr. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
5. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
9. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
10. Einn *búfjárefnirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.